

## Fundargerð

### 184. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 21. maí 2013 kl. 13<sup>00</sup>–13<sup>40</sup>.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
	Bryndís Skúladóttir (BS)	
	Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi)	Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
	Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)	Gestir: Stefán Thors (ST) ráðuneytisstj. UAR
	Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)	Íris Gunnarsdóttir (ÍG), ÚS
	Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)	

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Staða mála hjá UAR vegna ÚS
- (4) Önnur mál

GGÞ setur fund og býður Stefán Thors, ráðuneytisstjóra, velkominn á fundinn.

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (183. fundar).

#### 2. Staða mála hjá UAR vegna ÚS

**a) Svartolíusamningur, lagt fram erindi til ráðuneytisins:** ÓK fór yfir stöðu mála. Árið 2004 þegar komið var að því að endurnýja samning við olúfélögin um meðhöndlun olíuúrgangs var ákveðið að fá umsögn frá Samkeppniseftirlitsins á slíkum samningi. SKE óskaði eftir því að samningar um meðhöndlun úrgangsolíu yrðu eins um annan úrgang sem úrvinnslugjald er lagt á. Olúfélögin mótmæltu og vísuðu til ábyrgðar þeirra sem fram koma í lögum um verndun hafs og stranda. En þar er kveðið á um að seljendur olíu beri ábyrgð á úrgangnum. SKE lítur svo á að núverandi samstarf olúfélaganna við meðhöndlun úrgangsolíu brjóti í bága 10 gr. samkeppnislaganna nr. 44/2005. BG og LÓ hafa áhyggjur að þessari þróun við mat SKE á samstarfi félaga við meðhöndlun á úrgangi. Þá vísa þau til að sérlög gangi framur almennum lögum.

**b) Móttaka á úrgangsolíu frá erlendum svartolíuskipum sem kaupa smurolíu hér á landi.**

Lagt var fram á fundinum erindi frá ÚS til ráðuneytisins: ÓK fór yfir málið. Það sem vantaði væri formleg afgreiðsla frá UAR.

**c) Úrskurður Samkeppniseftirlitsins í smurolíumálinu og hugsanlegt fordæmi hans:** BG fór yfir það að stjórn Úrvinnslusjóðs hefur haldið því fram að sérlög, líkt og lög um verndun hafs og stranda, standi framur almennum lögum, sem samkeppnislögin eru. Máli sínu til stuðnings benti hún á samstarf félaga sem standa að Endurvinnslunni hf. SKE hefur fellt bráðbirgðaurður sem setur olúfélögunum mjög þröngar skorður um samstarf við meðhöndlun á olíuúrgangi. BG og LÓ ítreka áhyggjur sínar við þessari þróun við mat SKE á samstarfi félaga við meðhöndlun á úrgangi.

**d) Landsáætlun:** Þar eru sett metnaðarfull markmið og lék stjórnarmönnum ÚS forvitni á að vita, til framtíðar, hver ætti að vera aðkoma og hlutverk sjóðsins í þeim málum. T.d. umræðu

um nýja vöruflokka í framleiðendaábyrgð og samspil og samskipti milli sveitarfélaga, einkafyrirtækja og sjóðsins: BS fór yfir málið. Ræddi sérstaklega um markmið áætlunarinnar um að minnka urðun á úrgangi. Úrvinnslusjóður fær ekki mikið vægi í landsáætlun í dag en ÚS er handhafi framleiðendaábyrgðar með greiðslu fyrirtækja og framleiðeinda á úrvinnslugjaldi.

GGP ræddi almennt um starfsemi Úrvinnslusjóðs og það umhverfi sem hann starfar í. Tilskipanir frá ESB hafa mikil áhrif á starfssem sjóðsins og mikilvægi endurvinnslu á úrgangi fer vaxandi. GGP taldi að samstarf UAR og ÚS mætti vera meira í upphafi þegar mál koma til umræðu og afgreiðslu hjá UAR.

Stefán þakkaði fyrir veittar upplýsingar og mun taka málin upp við starfsmenn UAR.

#### **4. Önnur mál**

Næsti fundur ákveðinn 28.maí 2013.

Fundi slitið kl 13:40